

130. Stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn mánudaginn 5. september 2022

Fundargerð

Fundurinn var haldinn á Teams og hófst hann kl 15:00

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Einar Már Sigurðarson, Gauti Jóhannesson, Hildur Þórisdóttir, Pálína Margeirsdóttir, Sigríður Bragadóttir, Sæunn Stefánsdóttir og Þráinn Lárusson. Jóhann F. Þórhallsson oddviti Fljótsdalshrepps sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

1. Fundargerð 128. og 129. fundar stjórnar

Fundargerðirnar samþykktar af stjórn og verða undirritaðar rafrænt.

2. Framlag til starfsmannafélags Austurbrúar

Bókað er samþykki fyrir framlagi upp á 1 millj. kr. til starfsmannafélags Austurbrúar sem ákveðið var af stjórn og kynnt starfsmönnum á hátíðarkvöldverði í tilefni af 10 ára afmæli stofnunarinnar 29. apríl sl. Stjórn þakkar starfsmönnum fyrir góð og velunnin störf hjá Austurbrú undanfarin ár.

3. Jafnlaunakerfi, greinargerð um stöðu mála

Framkvæmdastjóri kynnti greinargerð um stöðu jafnlaunakerfis Austurbrúar. Jafnframt greindi framkvæmdastjóri frá því að enginn óútskýrður launamunur er á milli sambærilegra starfa eða kynja hjá Austurbrú.

Stjórn ræddi greinargerð og helstu atriði hennar. Stjórn felur framkvæmdastjóra og stjórnendateymi að vinna áfram á grunni þeirra úrbótaverkefna sem fram koma í áætluninni.

Stjórn beinir því til nýrrar stjórnar og stjórnendateymis að fara í heildaryfirferð á stefnum Austurbrúar sem lið í starfsáætlun næsta árs og huga að tengingum stefna við þá sýn sem fram kemur í svæðisskipulagi Austurlands 2022-2044 sem og þeirra stjórnunar- og gæðakerfa sem innleidd hafa verið hjá Austurbrú.

4. Staða ýmissa verkefna

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni og stöðu þeirra.

5. Önnur mál

- *Mannauðsmál: Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mönnunar hjá Austurbrú m.t.t. verkefna haustsins ásamt ýmsum úrlausnarefnum framundan. Framkvæmdastjóra er falið að vinna áfram á grundvelli umræðna á fundinum.*
- *Sprotaverkefni: Framkvæmdastjóri fór yfir sprotaverkefni og styrk sem stofnunin fékk úr máltæknisjóði. Framkvæmdastjóra er falið að vinna áfram að málinu á grundvelli umræðna á fundinum.*

Ekki fleiri mál, fundi slitið kl 15:45